

Ed.

314. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskyeystastöðvar á flutningaskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er ósammála um afgreiðslu þessa máls. Vill minni hl. aðeins lögskipa talstöðvar. Meiri hl. er hinsvegar óbreyttrar skoðunar um það, að loftskyeystastöðvar eru að miklum mun meira öryggi fyrir lífi manna, skipi og farmi, og ekki síst á skipum, sem eru á langleiðum. Nefndin hefir leitað álits landsímastjóra um málið. Segir hann meðal annars um þetta: „Firðritunarstöð eða firðtalstöð“. „Flestar skipa-loftskyeystastöðvar vitna á hinu hærra bylgjusviði (600—800 m), og er alþjóða-kallbylgja þeirra 600 m. Hinsvegar er talstöðvum ætlað lægra bylgjusvið (175—196 m.) með 182 m. kallbylgju. Með því nú að bæði langflest skip og langflestar strandastöðvar halda hlervörð (hlusta) reglulega á 600 m. bylgju, þá verður að telja, að ólíkt meira öryggi fáist með loftskyeystastöð (með 600 m. kallbylgju) en með firðtalsstöð (með 182 m. kallbylgju)“.

Kostnaðarhliðin í þessu tilfelli virðist ekki svo mikil, að ástæða sé til að undanskilja þessi skip loftskyeystastöðvum. Verð slikra stöðva mun vera frá 4000—6000 kr., dálítið dýrari með talútbúnaði. Rekstrarkostnaður ætti heldur ekki að þurfa að verða tilfinnanlegur, þar sem heimilt mun vera að láta einhvern yfirmanna skipsins, með loftskyeystakunnáttu, annast alla afgreiðslu stöðvarinnar. Slikt er alvanalegt á erlendum flutningaskipum. Um þetta atriði segir landssímastjóri svo: „Í tilefni af fyrirspurn yðar um, hvort nokkur vandkvæði séu á því, að stýrimenn eða aðrir skipsmenn geti jafnframt starfað sem loftskyeystamenn, skal upplýst, að engin ákvæði í alþjóðareglum né heldur islenzkum sérreglum eru því til fyrirstöðu, enda tíðkast það víða annarsstaðar (t. d. á Norðurlöndum og í Þýskalandi), sérstaklega á vöruflutningaskipum“.

Meiri hlutinn sér því ekki ástæðu til að hverfa frá stefnu sinni um loftskyeystastöðvar á þessum skipum. Aftur á móti hefir það upplýstst, að í frv. er farið fram á óþarflega sterka stöð, og er því rétt að gera breytingu þar á.

Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Afl stöðvanna skal vera minnst 125 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd, og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskyeystastöðvar í skipum.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

Ingvar Palmason,
form.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskr., frsm.